

- d) Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í samkomuhús, skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á. m. reglum um hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrir-mælum heilbrigðisnefndar.

### 3. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. gr. um bann við hundahaldi svo og ákvæðum 2. gr. um tímabundið leyfi til hundahalds, í eftirtöldum tilvikum:

- a) Þegar lögregluþyriföld sækja um leyfi til að halda hund vegna löggæslustarfa.
- b) Þegar blindir menn sækja um leyfi til að halda hund sér til leiðsagnar.
- c) Þegar sótt er um leyfi til að halda hund fyrir fólk með sálræn vandamál en þá skal liggja fyrir umsögn læknis og félagsráðgjafa.
- d) Þegar sótt er um leyfi fyrir minkahunda.

### 4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla úr gildi ákvæði um hundahald í 109. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Suðureyrarhrepp frá 11. des. 1962.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 28. janúar 1980.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi í Ólafsvík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 25. janúar 1980 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ólafsvíkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Ólafsvíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Ólafsvík, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 6. maí 1975 sbr. auglýsingu nr. 212/1975, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. janúar 1980.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*